

Skrifstofa rektors
26.11.20/PK

Bókfærð mál.

Fyrir fund háskólaráðs 3.12.2020

Dagskrárliður 6.d. Skrifstofa alþjóðasamskipta verði stjórnsýslusvið í miðlægri stjórnsýslu

Lagt er til að Skrifstofa alþjóðasamskipta sem starfar óbeint undir rektorsskrifstofu verði gerð að stjórnsýslusviði í miðlægri stjórnsýslu undir heitinu alþjóðasvið. Tillagan felur í sér að breyta þarf 8. gr. reglna Háskóla Íslands nr. 569/2009 og bæta orðinu alþjóðasvið fremst í upptalningu stjórnsýslusviða háskólans.

Sjá https://www.hi.is/haskolinn/reglur_fyrir_haskola_islands#8

Rökin fyrir þessari breytingu eru aukið umfang starfseminnar á undanförunum árum, einkum samfara aðild háskólans að Aurora samstarfsnetinu og verkefnum sem því tengjast, s.s. samstarfi um „European Universities“ – sem um leið kallar á meiri nálægð og samvinnu við miðlæg stjórnsýslusvið í daglegu starfi við úrlausn mála og áætlanagerð.

Ekki verður neinn kostnaðarauki vegna þessarar breytingar.